Nd. **372. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Í 3. gr. síðustu setningu verði »missir ekki konan«.
missir konan ekki.

2. Við 1. setningu 6. gr. bætist ný setning svo hljóðandi:
Þetta tekur þó eigi til þeirra dómenda, er skipa landsyfirrjettinn, þá er hin nýja stjórnarskrá gengur í gildi.

3. 2. setning sömu gr. orðist svo:
Ennfremur er heimilisfesta innanlands skilyrði o. s. frv.

4. 7. gr. falli burt.
Greinatalan breytist eftir því.

5. 9. gr. 1.—3. málsgr. orðist svo:
Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.
Þar er sýslumaður eða bæjarfógeti er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Að öðrum kosti

skipar landsstjórnin oddvita, er sje kjósandi í kjördæminu, og annan til vara.

Hina yfirkjörstjórana kjósa sýslunefndir eða bæjarstjórnir, annan úr sínum flokki, en hinn úr flokki annara kjósenda. Kjósa skal á sama hátt 2 menn til vara í yfirkjörstjórn.

6. Í 10. gr. falli setninginn »Í Reykjavik . . . sem í kaupstaðnum er« burt, en i stað hennar komi:

Nú hefir bæjarstjórn skift kaupstað í kjördeildir, og skal þá semja sjerstaka kjörskrá yfir hverja kjördeild.

7. Í 12. gr. 2. línu að neðan verði »ekki hafa«:
hafa ekki.

8. Í 17. gr. komi í 2. setningu fyrir »hið opinbera«:
dómarinn.

9. Í 18. gr. komi í 2. setningu a) fyrir: »ef þeir fyrir kjördag hafa«:
ef þeir hafa fyrir kjördag.
b) »12. gr.« verði 11. gr.

10. Í 19. gr. síðustu málsgr. verði »54.«
53.

11. Í 21. gr. 1. setningu verði »19. gr.«
18. gr.

12. Síðasta málsgr. 21. gr. orðist svo:

Kjörseðla skal yfirstjórn brjóta saman áður en hún sendir þá frá sjer, og skulu þeir vera svo brotnir að óprentaða hliðin snúi út, svo að letrið á þeim sjáist ekki. Þeir skulu og vera svo brotnir, að auða rönd seðilsins falli á svarta borðann, enda skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er kjósendur hafa notað þá.

13. Í 30. gr. verði »(sbr. 20. gr.)«:
(sbr. 19. gr.).

14. Í 34. gr. 2. málsgr. verði »27. gr.«
26. gr.

15. Í 39. gr. 2. málsgr. verði »38. gr.«
37. gr.

16. Í 41. gr. 2. málsgr. verði »38. gr.«
37. gr.

17. Í 45. gr. verði »40. og 49. gr.«
39. og 48. gr.

18. Í 46. gr. verði »52. gr.«
51. gr.

19. Í 53. gr. verði »47. gr.«
46. gr.

20. Síðasta málsgr. 60. gr. orðist svo:
Hlutbundnum kosningum stýra hinar sömu undirkjörstjórnir sem óhlutbundnum kosningum.

21. Í 62. gr. 2. málsgr. 2. setningu verði »yfirkjörstjórnar«
landkjörstjórnar.

22. Í 63. gr. síðustu setningu falli burt orðin »og bera þeir . . . í embættisfærslu«.

23. Í 64. gr. 1. setningu verði »62. gr.«
61. gr.

24. Í 66. gr. fyrri málsgr. síðustu setningu verði »23. gr.«
22. gr.

25. Í 2. málsgr. 1. setningu sömu greinar falli burt orðin: »án tillits til kjördæmaskipunar«.

26. Í 67. gr. verði »25.—27. gr.«
24.—26. gr.

27. Í 68. gr. verði »28—46. gr.«
27.—45. gr.

28. Í sömu gr. 3. málsgr. verði »44. gr.«
43. gr.

29. Í 72. gr. síðustu málsgr. verði »68. gr.«
67. gr.

30. Í 74. gr. 3. málsgr. orðist setningin »og eiga umboðsmenn . . . innsigli sín fyrir þau« svo:
og eiga umboðsmenn framboðslista einnig rjett til að setja innsigli sín fyrir þau.

31. Í 76. gr. 1. setningu verði »70. gr.«
69. gr.

32. Í sömu grein 2. setningu falli orðið:
»eftir« burt.

33. 2. setning 77. greinar orðist svo:
Nú hefir varaþingmaður verið kosinn alþingismaður i einhverju

kjördæmi, og er honum þá rjett að velja á milli þingsetu, samkvæmt þeirri kosningu, og þingsetu sem varamaður, en Stjórnarráðið hlutast til um nýja kosningu í stað hans, hvorn kostinn sem hann velur.

34. Í 78. gr. verði »57. gr.«
56. gr.

35. III. kafli falli burt, og greinatalan breytist eftir því.

36. »IV« fyrir framan »Almenn ákvæði« (fyrir aftan 89. gr.) verði:
III.

37. Í 2. málsgr. 89. gr. verði »af því liðinn er«:
af því að liðinn er.

38. Í 91. gr. 2. málsgr. falli burt »sbr. þó 87. gr.«

39. Í 95. gr. falli burt setningin:
«18. gr. í lögum nr. 16, 14. sept. 1877, um kosningar til Alþingis«.

40. 96. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi samtimis nýju stjórnarskipunarlögunum.

41. Í »Ákvæði um stundarsakir«, 2. málsgr. verði »10., 12. og 61. gr.«
9., 11. og 60. gr.